**Tilvísun** 2022010040 | Reykjavík | fimmtudagur, 20. október 2022

**Bjarni Hlynur Ásbjörnsson**
**Lilja Össurardóttir**
Hraunbrún
801 Selfossi

**Tilkynning um niðurfellingu á Kílhraunsvegi (3238-01), Skeiða- og Gnúpverjahrepp.**

Vísað er til fyrra bréfs Vegagerðarinnar, dags 13.9.2022 þar sem tilkynnt var um að fyrirhugað væri að fella Kílhraunsveg (3238-01), af vegaskrá þar sem hann uppfyllir ekki lengur skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga um héraðsvegi, sem er einn flokkur þjóðvega.

Með ofangreindu bréfi var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun fyrir 4. október sl.

Engar athugasemdir bárust innan tilgreinds frests.

Með bréfi þessu er hér með tilkynnt um að Kílhraunsvegur (3238-01) uppfyllir ekki skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 og verður því felldur út af vegaskrá sem þjóðvegur frá og með næstu áramótum, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um héraðsvegi nr. 774/2010 með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga.

Landeiganda er hins vegar bent á að hægt er að sækja um að vegurinn verði tekinn inn á vegaskrá sem héraðsvegur þegar það er komin föst búseta og lögheimili. Umsókn og leiðbeiningar um hana má nálgast á heimasíðu Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is. Einnig er hægt að hafa samband við undirritaðan vegna umsóknar.

Ákvörðun þessi er kæranleg til innviðaráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Afrit sent á sveitarfélagið skeidgnup@skeidgnup.is

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Svanur G. Bjarnason
Svæðisstjóri
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt



**Vegagerðin**
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Fullgild rafræn undirskrift
SVANUR GEIR BJARNASON
2022-10-20 13:35:30 GMT
Ástæða: Undirskrift